

Ársskýrsla stjórnar SÍM 2022-2023



Stjórn SÍM skipa frá aðalfundi SÍM frá 14. maí 2022–27. maí 2023:

Stjórnina skipa Anna Eyjólfsdóttir, formaður, Hlynur Helgason, varaformaður, Pétur Thomsen, Freyja Eilíf og Hildur Elísa Jónsdóttir, meðstjórnendur, Elísabet Stefánsdóttir og Þóra Karlsdóttir, varamenn.

Starfsárið 2022–2023

Starfsemi SÍM er margþætt. Árið 2021 var ákveðið að skilja að rekstur á húsnæði SÍM, vinnustofum og gestavinnustofum frá almennum rekstri félagsmála SÍM. Þetta nýja fyrirkomulag hefur gengið vel. Ingibjörg Gunnlaugsdóttir er framkvæmdastjóri Rekstrarfélags SÍM og Martynas Petreikis er verkefnastjóri SÍM Residency. Ingibjörg hefur einnig umsjón með Listskreytingasjóði ríkisins og Artóteki Borgarbókasafnsins. Framkvæmdastjóri skrifstofu SÍM hætti í lok desember vegna skipulagsbreytinga á skrifstofunni. Hlynur Helgason var ráðinn í tímabundið hlutastarf á skrifstofuna þar til nýr starfsmaður yrði ráðinn. Um miðjan apríl s.l. var síðan Lísu Björg Attensperger ráðin á skrifstofuna í starf skrifstofusjóra. Fjöldi félagsmanna SÍM eru nú 943.

Skrifstofa SÍM

Auk formanns eru starfsmenn SÍM fimm talsins í fjórum stöðugildum: Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri. Lísu Björg Attensperger, skrifstofustjóri, Elma Óladóttir, bókarari, Martynas Petreikis, verkefnastjóri SÍM Residency og Friðrik Weisshappel, umsjónarmaður húsnæðis.

Meginverkefni stjórnar SÍM eru:

- að fara með stjórn sambandsins milli aðalfunda,
- að gæta hagsmuna og réttar myndlistarmanna,
- að vera málsvari þeirra og samningsaðili,
- að efla starfsumhverfi þeirra og starfsgrundvöll
- að vinna að bættum kjörum myndlistarmanna

Fundir stjórnar SÍM:

Stjórnin hefur fundað mánaðarlega nema yfir hásumarið. Flestir stjórnarfundir fara fram á Zoom til hagræðis. Stjórnarmenn hafa einnig fundað með ýmsum aðilum innanlands og erlendis um málefni er tengjast hagsmunum og starfsumhverfi myndlistarmanna. Þessir fundir eru ýmist á netinu eða með hefðbundnum hætti þegar færi hefur gefist.

Sambandsráðsfundir

(Sambandsráðsfundur = fundur með formönnum fagfélaga innan SÍM)

Fundir voru haldnir þrisvar sinnum á árinu og hafa þeir verið mjög gagnlegir til að auka upplýsingaflæði og gefa betri yfirsýn milli stjórnar SÍM og aðildarfélagana innbyrðis. Þar eru til dæmis ræddar nauðsynlegar áherslur, eða atvik sem koma upp, sem og skipulagningu viðburða.

Almennir félagsfundir:

Einn félagsfundur var haldinn 1. desember 2022, þar sem starfsemi Myndstefs og höfundarréttarmál voru kynnt.

Tilnefningar SÍM í nefndir og ráð

Stjórn SÍM tilnefnir fulltrúa myndlistarmanna í ýmsar nefndir og ráð á vegum hins opinbera, eins og kveðið er á um í lögum SÍM:

Myndlistarráð

Launasjóður myndlistarmanna úthlutunarnefnd
Kynningarmiðstöð íslenskra myndlistar:
Fulltrúaráð KÍM
Fagráð KÍM
Dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna
Listasafn Íslands – Innkaupanefnd
Listskreytingasjóður ríkisins
Innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur
Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík
Stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL)
Fulltrúi BÍL í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar
Muggur – úthlutunarnefnd
Stjórn Skaftfells (fulltrúi BÍL)
Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands
Höfundaréttarráð
Trúnaðarmaður SÍM vegna Samkeppna
Leikminjasafn Íslands
Listasafnsráð Listasafns Akureyrar
Stjórn Serrasjóðs

Tekin var upp sú nýbreytni að kalla eftir félagsmönnum sem gefa kost á sér til að vinna í nefndum og ráðum á vegum SÍM. Svörunin var mjög góð og hefur verið útbúinn listi yfir þessa aðila. Þetta hefur gefið mjög góða raun.

Sjóðir sem veita styrki til myndlistarmanna:

Innlendir sjóðir sem veita styrki til myndlistarmanna:

Launasjóður myndlistarmanna,
starfslaun

Myndlistarsjóður,

verkefnastykir

Ferðastykir

Myndlistarmiðstöðvar

Myndstef,

verkefnastykir og ferða- og menntunastykir, úthlutað einu sinni á ári.

Muggur,

dvalarstyrkir fyrir dvöl erlendis, úthlutað tvisvar á ári
kosnir á vegum sveitarfélaga

Bæjarlistamenn

Einstakir styrktarsjóðir

Minningarsjóður um Gerði Helgadóttur

Sjóður Richards Serra

Sjóður Wilhelms Beckmanns.

Styrktarsjóður Svarvars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur.

Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur (Erró)

Félagsmenn geta sótt um verkefnastyrki og ferða-og menntunarstyrki til Myndstefs einu sinni á ári.

Verkefni og viðburðir SÍM 2022 -2023

WORLD ART DAY/ Mánuður myndlistar 2024

Breyting verður á verkefninu Mánuður myndlistar frá því sem áður var. Mánuður myndlistar mun ekki verða haldin að hausti heldur mun hann tengjast WORD ART DAY heimsviðburði, sem haldin er 15. apríl ár hvert á afmælisdegi Leonardo Da Vinci. Vonir standa til að þessi tími henti skólunum betur og að skólakynningar og WAD sameinist framvegis í stærri viðburði en verið hefur. Vegna þessara breytinga voru skólakynningar ekki haldnar á síðasta ári og verða ekki á þessu ári þar sem verkefnið þarfnast betri undirbúnings og stefnt verður að því að halda daginn hátíðlegan vorið 2024.

TORG Listamessa 2022



Torg Listamessa var haldin tvær helgar, dagana 14.-23. október 2022

Sýningarstjóri var Ayis Zita og varð mikil breyting á bæði uppsetningu á Hlöðuloftinu og á vali myndlistarmanna til að taka þátt í Torginu. Myndlistamenn voru álíka margir og árin á undan en sú nýjung var að styrkur fékkst til að bjóða tveimur listamönnum bása það voru þær Rúrí og rúsniski flóttamaðurinn Olya Kroytor. Auk þess var einn veggur notaður til að sýna verk 5 yngri listamanna sem allir eru með vinnustofur á Seljavegi.

Góð aðsókn var að messunni og kaffiaðstaða á Suðuroftinu var vinsæl, og skapaði kósí andrúmsloft umhverfis messuna.

TORG Listamessa 2023

Torg Listamessa verður haldin frá 13. - 23. október 2023 á Hlöðuloftinu, Korpúlfsstöðum.

Eins og í fyrra verður einu vinnustofuhúsnæði boðið að taka þátt á listamessunni, í þetta sinn eru það listamenn á Hólmaslóð sem fá tækifæri að sýna saman á einum vegg. Þá hefur verið ákveðið að bjóða útskriftarnemendum frá Listaháskólanum að sækja um að vera saman með bás.

Ákveðið hefur verið að bjóða fagfélögum SÍM, eitt að hverju hausti, að koma á framfæri einum heiðursfélaga lifandi eða látnum, sem fær sér sýningarrými á suðurloftinu (kaffistofunni) á Korpúlfsstöðum.

Aðrir viðburðir

Haldið verður ball á Hlöðuloftinu í október 2023. Dagsetning verður auglýst síðar. Uppboð verður haldið á verkum félagsmanna SÍM í október 2023.

Umsóknir um styrki vegna verkefna og viðburða SÍM 2022-2023

Borgarhátíð - Korpúlfsstaðir menningarmiðstöð SÍM í Grafarvogi

SÍM sótti um þátttöku í Borgarhátíð Reykjavíkur á yfirstandandi ári ásamt tilheyrandi verkefnisstyrk. Fengum ekki styrk að þessu sinni og því verður reynt aftur með von um árangur fyrir árið 2023.

TORG listamessa í Reykjavík

SÍM fékk eina milljón og fimmhundruð þúsund í verkefnisstyrk frá Reykjavíkurborg fyrir Torg Listamessu árið 2023.

World Art Day 2022

Fengum ekki styrk að þessu sinni.

SÍM skrifstofa - ýmis verkefni

Sótt var um rekstrarstyrk fyrir SÍM skrifstofu. Fengum ekki.

Útgáfa rita á vegum SÍM

Vorið 2022 var sótt um úgáfustyrk í Myndlistarsjóð til að hefja efnisleit og undirbúning fyrir ritun sögu SÍM í tilefni af 40 ára afmæli félagsins, og fengum við styrk að upphæð kr. 500.000.

SÍM Residency

Jafnframt var sótt um styrk til að gefa út kynningarrit um 20 ára sögu SIM Residency og fengust kr 800.000 í undirbúningsstyrk til að búa til kynningarrit.

Nordic Culture Point

SIM Residency sótti um styrk til að bjóða sjö norrænum listamönnum og listamönnum frá Eystrasaltslöndunum til dvalar á Korpúlfsstöðum í janúar 2023.

SIM Residency fékk styrk að upphæð 48.060 EUR. og var verkefnið haldið með frábærum árangri. Hér er hægt að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið: <https://www.sim-residency.info/ncp>


International sculpture symposium – TREENCARNATION

Samstarf SÍM, SUVA og IAA í Bratislava. Fengum styrk fyrir verkefninu. Olga Bergmann fór út á vegum SÍM.

Verkefni skrifstofu SÍM

SÍM Gallerí og Hlöðuloftið

Á vegum SÍM eru rekin tvö sýningarými, annars vegar SÍM Gallerí í SÍM Húsinu í Hafnarstræti og hins vegar Hlöðuloftið á Korpúlfsstöðum. Auglýst er eftir umsóknum um sýningar félagsmanna einu sinni á ári og standa sýningarnar yfir í 3-4 vikur í senn. Sú nýbreytni hefur verið gerð á Salnum (Hafnarstræti) að nú miðast opnunartíminn ekki lengur við opnunartíma skrifstofu SÍM heldur getur listamaðurinn ráðið opnunartíma utan venjulegs skrifstofutíma, en viðkomandi þarf að bera ábyrgð og sjá um yfirsetuna sjálfur. Sýningarnar hafa verið vel sóttar og hægt er að fylgjast með því hvað er á dagskrá bæði á heimasíðu SÍM og Facebook-síðu sambandsins.



Vefsíða SÍM

Áfram hefur verið unnið við endurbætur á vefsíðu SÍM á þessu ári, til að einfalda upplýsingagjöf og veita listamönnum skýrari og betri upplýsingar. Fréttir og tilkynningar birtast nú á reglulegan hátt á síðunni og eru þessar upplýsingar tengdar útgáfu Fréttabréfs sambandsins. Verið er að vinna í því að virkja félagatalið á síðunni betur og tengja það við endurbætta vefsíðu með upplýsingum um listamenn, sem heitið hefur Arkiv.is. Til skýra hlutverk þeirrar veitu stendur til að breyta nafninu í „Listamannatal.is“ og virkja betur möguleika listamanna til að nýta hana sem vefsíðu eða kynningarsíðu.

Fréttabréf SÍM

Búið er að endurhanna Fréttabréf SÍM þannig að það verði aðgengilegra félagsmönnum og nýtist betur. Það kemur nú regluleg út í hverri viku, á fimmtudögum (miðvikudögum ef fimmtudagur er frídagur). Þar geta félagsmenn séð yfirlit um þær sýningar sem eru í gangi og aðra viðburði sem þeim tengjast, upplýsingum um möguleika fyrir myndlistarmenn hérlendis og í útlöndum, auk auglýsinga og tilkynninga frá félagsmönnum.

Rafrænt félagsskírteini SÍM:

Rafræn félagsskírteini hafa verið í notkun frá því haustið 2022 og hefur mælst vel fyrir. Fyrirtækið Smart Solutions sá um hönnun og uppsetningu skírteinana, en fyrirtækið hefur verið leiðandi aðili á þessum markaði um skeið. Skírteinin voru kynnt fyrir IAA og fengum við mjög jákvæðar viðtökur frá alþjóðasamtökunum og aðildarfélögum út í heimi

Alþjóðasamtök listamanna — International Association of Art IAA/AIAP

Formaður og varaformaður ásamt framkvæmdarstjóra fóru í mars á aðalfund IAA 2023 í Istanbul, en fundinum var frestað árið 2021, en á fundinum átti að ræða sérstaklega um höfundarréttar mál. Fundur IAA 2022 var fjárfundur, umræðuefnið var um málefni Úkraínu og tók formaður SÍM þátt í þeim umræðum.

Á fundinum í Istanbul voru málefni fljóttamanna tekin sérstaklega fyrir, í ljósi þess að fjöldi listamanna hefur þurft að flýja lönd sín vegna skoðana sinna eða átaka í heimalandinu. Auk þess var heildarskipulag samtakanna til umræðu og hvernig samtökin gætu stutt við baráttu listamanna á stöðum þar sem skipuleg samtök myndlistarmanna eru ekki til staðar. Ef kostur er stefnum við að því að taka virkan þátt í þessu starfi, og þá sér í lagi á veggvangi Evrópudeildarinnar, International Association of Art (IAA) Europe, sem er tengslanet um 40 aðildarsamtaka innan Evrópu.

Artótek

Í Artótekinu er til leigu og sölu myndlist eftir félagsmenn SÍM. Markmiðið með Artótekinu er að kynna notendum Borgarbókasafnsins íslenska samtímalist og gefa þeim kost á að leigja og/eða eignast listaverk á einfaldan hátt.

Artótekið nýtur sívaxandi vinsælda hjá almenningi og eru um 400 listaverk í útleigu í dag.

Rekstarfélag SÍM og SIM Residency

Frá 1. janúar 2021 hefur fjárhagsleg umsýsla skrifstofu SÍM og Rekstrarfélags SÍM verið aðskilin.

Skrifstofa SÍM sér um þjónustu við félagsmenn ásamt öllu sem því fylgir. Rekstrarfélagið sér um rekstur allra fasteigna sem SÍM hefur yfir að ráða, vinnustofur listamanna og gestavinnustofur, ásamt fjárhagslegri umsýslu með SIM Residency, Listskreytingasjóði ríkisins og Artóteki.

Vinnustofur SÍM

Eftirspurn eftir vinnustofum SÍM eykst í takt við fjölgun félagsmanna.

SÍM framleigir vinnustofur til félagsmanna í 9 vinnustofuhúsum sem staðsett eru víðasvegar um höfuðborgarsvæðið. Árið 2022 bættist við húsnæði á Hólmaslóð 4. Vinnustofuhús SÍM eru á Seljavegi, Hólmaslóð, Héðinsgötu, Korpúlfsstöðum, Auðbrekku eitt, tvö og fjórtán í Kópavogi, á Nýbýlavegi og á Lyngási í Garðabæ, Fagfélögin sem hafa aðsetur á Korpúlfsstöðum eru Texilfélagið, Leirlistarfélagið og Félag íslenskra fagljosmyndara (FÍL). Í þessum níu vinnustofuhúsum SÍM hafa um 240 félagsmenn vinnuaðstöðu sína. Því miður missum við húsnæðið í Lyngási og Auðbrekku 14 seinna á árinu.

Mikil vinna hefur verið lögð í að finna fleiri vinnustofuhús og höfum við þess vegna verið í viðræðum við Fasteignir ríkisins um húsnæði í eigu ríkisins, en því miður hefur ekkert komið út úr þeim viðræðum enn sem komið er.

Vinnustofur SÍM í Berlín eru aftur í boði eftir langt Covid tímabil. Eitthvað er laust á árinu 2023. SÍM getur einnig boðið félagsmönnum sínum dvöl í gestaíbúð SÍM í Aþenu og er fullbókað þar fram í desember.

SÍM Residency Reykjavík– Gestavinnustofur fyrir erlenda listamenn.

SIM Residency hefur verið starfrækt í 20 ár, eða síðan árið 2002. Verkefnastjóri er Martynas Petreikis myndlistarmaður. Martynas hefur lagt mikinn metnað í starfið og innleitt mikið af nýjungum sem hafa verið til mikilla bóta fyrir gestavinnustofu prógrammið. Ellefu gestavinnustofupláss eru á Seljavegi og sjö á Korpúlfsstöðum.

SÍM Residency bárust 239 umsóknir árið 2021 og var 175 umsækjendum boðið að taka þátt í SÍM Residency prógramminu. Hins vegar, vegna COVID afbókuðu 64 listamenn og féll þá nýtingin niður í 88% yfir árið. En í venjulegu ári er nýtingin á gestavinnustofuplássunum 100%. SÍM Residency átti á árinu samstarf við verkefnið Young Painter Prize frá Litháen, vinnustofuskipti voru við Vantaa Gjutars Residency og vinnustofuskipti í samvinnu við franska sendiráðið í Reykjavík, French Alliance á Íslandi og Nýló. Vinnustofuskiptin eru alltaf auglýstar á heimasíðu SÍM.



Í tengslum við gestavinnustofu-prógrammið eru haldin „Artist Talk“ á Korpúlfsstöðu í byrjun hvers mánaðar og annað hvort opnar vinnustofur eða samsýning á Korpúlfsstöðum í lok hvers mánaðar. Frá stofnun SÍM Residency hefur SÍM tekið á móti um 3.600 listamönnum, víðsvegar að úr heiminum til dvalar í Reykjavík.

Sex flóttamenn, einn frá Rússlandi og fimm frá Úkraínu, dvöldu tímabundið í SÍM Residency og gestaíbúð árið 2022. Gaman er að segja frá því að ein þeirra nú orðin íslenskur ríkisborgari.

Nánari upplýsingar um SÍM Residency prógrammið er að finna hér: <https://www.sim-residency.info/>

Aðildarfélög SÍM og viðburðir á þeirra vegum (hlekkir):

[Félag íslenskra myndlistarmanna \(FÍM\)](#)

[Félag íslenskra samtíma ljósmyndara \(FÍSL\)](#)

[Íslensk Grafík](#)

[Leirlistafélag Íslands](#)

Myndlistarfélagið á Akureyri

Myndhöggvarafélagið (MHR)

Textilfélagið

Ný myndlistarstefna

Nú í vor samþykkti Alþingi loks opinbera myndlistarstefnu, sem hefur verið í vinnslu síðan 2020. Samkvæmt stefnunni verður komið á fót Myndlistarmiðstöð sem falið verður öflugt hlutverk í þjónustu við íslenskan myndlistarvettvang, bæði innan lands og utan. Markmiðið er einnig að auka verulega kynningu á myndlist, til almennings og í almenna menntakerfinu. Meiningin er að Listskreytingsjóður verði eflður til muna og felldur undir þessa nýju miðstöð. Öllum ákvörðunum fylgir skuldbinding um fjármagn til að tryggja að aðgerðir gangi eftir og markmiðum verði náð. Það verður hlutverk SÍM á næsta ári að fylgja þessum markmiðum eftir og knýja á um að staðið verði við fögur fyrirheit.

Starfslaun listamanna

Á vegum menningarmálaráðuneytis er verið að vinna að nýjum lögum um launasjóði listamanna, en sú vinna byggir á tillögum um eflingu sjóðsins sem stjórnir SÍM og BÍL hafa haft virka aðkomu að og barist fyrir undanfarin ár. Á undanförunum tveimur árum hefur tekist að auka fjármagn til listamannalauna, þannig að þau hafa hækkað verulega umfram almenna launavísitölu. Langt er þó enn í land með að launin verði í samræmi við menntun myndlistarmanna. Ef áætlanir um endurskoðun laganna ganga eftir, gerum við okkur vonir um að launin hækki enn verulega auk þess sem launamánuðum kemur einnig til með að fjölga.

Rannsóknir á stöðu skapandi greina

Verið er að leggja drög að ítarlegu rannsóknarstarfi á framlagi lista og skapandi greina. Margir aðilar leggjast á eitt við verkefnið: GAGNÍS og félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, ásamt Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík hafa sótt um í Innviðasjóð til uppbyggingar rannsóknarinnviða til þess að þróa gagnasöfnun og “vélbúnað” Rannsóknarseturs skapandi greina sem verður formlega stofnað 12. Júní 2023.

Samhliða þessu er Bifröst, með stuðningi BÍL, listamiðstöðvunum og LHÍ að sækja til - Menningarmálaráðuneyta um stuðning við stofnunar rannsóknarseturs og hefur Anna Hildur Hildibrandsdóttir sent erindi og beiðni þessa efnis inn til ráðherra fyrir hönd þeirra.

Hagfræðilegar rannsóknir SÍM

SÍM hefur á síðustu árum kannað aðstæður og hag félaga sinna og komið niðurstöðum kannana sinna á framfæri við opinberar stofnanir og ráðuneyti. Þessi vinna er að skila sé og hefur t.d. haft veruleg áhrif á aukningu styrkja undanfarið. Nú er Hagstofa Íslands komin í samstarf við listamenn um verkefnið. Þetta er einnig í samræmi við markmið Myndlistarstefnu, að efla upplýsingöflun og þróa hagvísa sem lýsa ástandi vinnumarkaðs/afkomu listamanna. Þetta kemur til með að nýtast okkur afar vel í baráttu okkar fyrir bættri afkomu myndlistarmanna í framtíðinni.

Við borgum listamönnum

Stjórn SÍM á enn í viðræðum við nokkur söfn Reykjavíkurborgar og söfn fleiri sveitarfélaga um gerð samkomulaga í tengslum við verkefnið *Við borgum listamönnum*. Stefnt er að því að

ganga frá samkomulagi við ýmsar safnastofnanir borgarinnar í samræmi við samkomulagið við Listasafn Reykjavíkur. SÍM stefnir einnig að því að ganga til viðræðna við nýstofnuð samtök opinberra listasafna um að festa viðmið um greiðslur til myndlistarmanna fyrir sýningarhald og aðra vinnu við söfnin í sessi. Við viljum benda á að búið er að uppreikna áætlað viðmiðunar tímakaup listamanna, sem var 6.500 kr árið 2016, í 10.200 kr. fyrir þetta ár í samræmi við uppreiknaða launavísitölu. Þessar upplýsingar birtast nú undir „Kjör“ á vefsíðunni. Í upphafi hvers árs eru viðmiðin uppreiknuð.

SÍM sem stéttarfélag

Frá upphafi hefur SÍM verið skilgreint sem bæði hagsmuna- og stéttarfélag listamanna. Í samræmi við það höfum við gerst aðilar að BHM til að tryggja réttindi félagsmanna. Félagið hefur hinsvegar aldrei virkað sem stéttarfélag, sem meðal annars birtist í því að við höfum aldrei gert neina kjarasamninga, hvorki við einkaðila né opinbera aðila. Samningar undir Við borgum listamönnum eru fyrir hönd höfundarréttarhafa og verktaka, en ekki launamanna. Vegna þessa, meðal annars, höfum við ákveðið að það kæmi þeim félagsmönnum okkar sem þurfa stéttarfélagsstuðning betur að vera í sambandi við stærri og öflugri einingu, með stuðningi og samvinnu við SÍM. Þessvegna hefur verið ákveðið að breyta lögum SÍM, taka út stéttarfélagsáhersluna og ganga til samvinnu við stéttarfélagið Fræðagarð, sem er öflugt aðildarfélag að BÍL, um að gæta hagsmuna félagsmanna.

Korpúlfsstaðir opinber menningarmiðstöð í Menningarstefnu Reykjavíkur

Reykjavíkurborg er eigandi Korpúlfsstaða, og leigir SÍM húsnæðið af borginni. Mikilvægt er tryggja með samningi afnot okkar af húsnæðinu til frambúðar. Í mörg ár hefur stjórn SÍM kynnt áform sín um að gera Korpúlfsstaði að listamiðstöð í Grafarvogi, meðal annars í þeim tilgangi að tryggja ítök SÍM þar. Það er ánægjulegt að geta þess að gert er ráð fyrir þessari listamiðstöð í nýútkominni menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Í því felst að bjóða upp á fjölbreyttari listdagskrá en nú er í boði, og jafnframt að hún laði að meðal annarra íbúa úr nærumhverfinu.



Í þessu samhengi er unnið að eflingu starfsins á Korpúlfsstöðum með aukinni áherslu á sýningar á Hlöðuloftinu, en salurinn er þegar orðinn vinsæll meðal myndlistarmanna og er nú bókaður tvö ár fram í tímann. Enn fremur er aukning á funda- og ráðstefnuhaldi í

fundarsalnum á Suður-loftinu. Stefna þarf að því að halda úti fölbreyttri viðburðadagskrá í framtíðinni. Þessi auknu umsvif kalla eftir bættri kaffi/veitinga-aðstöðu þar, sem mundi að sjálfsögðu einnig nýtast fyrir þá fjölmörgu listamenn sem hafa aðstöðu í húsinu, sem og SÍM-Residency listamennina. Það mál er í athugun.

Listaháskólinn leigir aðstöðuna einn mánuð á ári í desember fyrir vinnustofu um rými.

Listaháskóli Íslands

Fyrir ári síðan ákvað SÍM að gerast virkur aðili að Baklandi Listaháskólans, til að geta veitt faaglegan stuðning við menntun listamanna. Hlynur Helgason er aðalmaður fyrir hönd SÍM í stjórn baklandsins og jafnfram formaður stjórnar. Á árinu hafa mikilvægar ákvarðanir verið teknar um framtíð skólans, nýr rektor hefur verið ráðinn og skriður kominn á áform um framtíðarhúsnæði skólans við Tryggvagötu. Baklandið kemur til með að vera okkur mikilvægur vettvangur til þess að fylgjast með þessari framkvæmd og mögulega til að styðja við að skólinn geti eflt myndlistarvettvanginn enn frekar á næstu árum.

Stofnun fagraða við listasöfn landsins

Enn vinnur stjórn SÍM að því, í samstarfi við Safnaráð og ICOM (International Council of Museums) að komið verði á virkum safnráðum í listasöfnum á Íslandi þar sem samtök listamanna eigi beina aðkomu með skipun fulltrúa. Þetta er í samræmi við verklagsreglur ICOM. Nokkrar stofnanir virða reglur ICOM hvað þetta varðar, en víða þarf að koma á fastmótaðra fyrirkomulagi.

Listskreytingasjóður ríkisins

Málefni Listskreytingasjóðs hafa verið í ólestri þetta árið, stjórn verið óvirk og ábyrgð á framkvæmd verkefna hans því hvílt á SÍM, aðallega á herðum Ingibjargar Gunnlaugsdóttur framkvæmdastjóra. Með nýrri myndlistarstefnu á Listskreytingasjóður að vera hýstur hjá nýrri Myndlistarmiðstöð í framtíðinni. Það er því mikið verk óunnið á næstunni við að leysa úr málum sjóðsins og koma starfseminni í lag. Ingibjörg Gunnlaugsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri Listskreytingasjóðs síðastliðin 24 ár og á þeim tíma hefur sjóðurinn styrkt kaup á um 600 listaverkum sem staðsett eru í og við opinberar stofnanir um land allt. Einnig hefur sjóðurinn veitt faglega ráðgjöf vegna 1% reglunnar í nýbyggingum og við val á listaverkum í fjölda opinberra stofnana.

Myndlistarráð og Myndlistarsjóður

Hlynur Helgason og Katrín Elvarsdóttir sitja fyrir hönd SÍM í Myndlistarráði, sem stýrir Myndlistarsjóði. Eftir jákvæða þróun í fjármögnun til Myndlistarsjóðs, en það hækkaði úr 57 milljónum 2019 í 106 milljónir 2022, hefur á ný verið þrengt að sjóðnum, en fjárveiting fyrir 2023 var einungis 76 milljónir. SÍM og Myndlistarráð koma til með að berjast fyrir því að sjóðurinn verði styrkur á ný, sér í lagi þar sem hann fær aukið hlutverk með nýsamþykktri myndlistarstefnu. Myndlistarráð stendur áfram fyrir Myndlistarverðlaunum og hafa þau verið eflað með innleiðingu nýrra flokka, samkvæmt tillögum fulltrúa SÍM.

Myndlistarmaður ársins 2023 var kosinn Hrafnkell Sigurðsson, heiðursverðlaun hlaut Ragheiður Jónsdóttir, hvatningaverðlaunin hlaut Ásgerður Birna Björnsdóttir og áhugaverðasta sýningin kom í hlut Hjólsins V: Allt í góðu, verkefni MHR.

Listtímaritið Myndlist á Íslandi

Nýtt rit kom út í þriðja sinn í tengslum við Myndlistarverðlaunin 2023. Tímaritið Myndlist á Íslandi samvinnuverkefni styrkt af SÍM, KÍM, LHÍ, Myndlistarráði og Listfræðifélagi Íslands.

Heiðurslaun Alþingis

SÍM og BÍL hafa lagt það til að fyrirkomulag launa til eldri listamanna verði fært í faglegan búning við gerð nýrra laga um launasjóði listamanna sem nú eru í vinnslu. Eins og staðan er núna stefnir ekki í að því markmiði verði náð. Því er ljóst að áfram þarf að vinna því máli braut.

Stjórnarfundir á tímabilinu 2022-2023

Stjórnarfundir á tímabilinu 2022-2023 voru alls 12 talsins:

1. júlí, 16. ágúst, 6. september, 3. október, 18. og 21. Nóvember, 22. Desember, 9. janúar, 6. febrúar, 6. mars, 17. apríl og 2. maí

Formannafundir á tímabilinu 2022-2023 voru alls 3:

1. júlí, 5. desember og 4. maí

Félagsfundur á tímabilinu 2022-2023:

1. desember 2022

Útdráttur úr fundargerðum stjórnar SÍM frá júlí 2022 til maí 2023.

1. Júlí. rekstaráætlanir kynntar, ákveðið að laun formanns væru sömu og starfslaun listamanna, áform um heimsóknir ráðamanna á Seljaveg til að reyna að eyða óryggi vegna vinnustofa og gestaþúða en við eigum að fara úr húsnæðinu áramótin 2023-24

16. Ágúst. Ákvarðanir um stjórnar daga og tíma, Kynning á torgi listamessu, vinnustofuvandamál rædd, kynnt drög að bæklingi til að kynna starf SÍM, höfundarmál eins félagsmanns rædd, heimasíðan rædd og breytingar á henni, rætt um listfráðinga og aðkomu þeirra að listamönnum, búa til lista með nöfnum þeirra sem gefa kost á sér í nefndir og ráð á vegum SÍM, rætt félagsfund með kynningu á Höfundarrétti og um hlutverk Sarps

6. September Ráðningarferli safnstjóra Listasafns Íslands rætt, lítil fagmennska um ferlið og rætt um bréf sent til Listfræðifélagsins, um Myndlistarráð og fleirra, ákveðið að senda bréf til Lilju ráðherra og skora á hana að viðhafa faglega vinnubrögð.

3. Október. Lilja Dögg Alfreðsdóttir mætti á Seljaveg og lofaði bót og betru (húsnæði) Hún eins og Bjarni Benediktson ásamt Katrínu Jakopsdóttur sem öll komu í heimsókn í sitthvoru lagi öll með aðstoðarfók sitt með í för voru stein hissa á öflugum starfi SÍM. Stutt kynning á IAA og starfi þeirra m.a. WAD sem ætlast er til að sem flest lönd taki þátt í, Martínas kynnti styrkumsóknir gestavinnustofuprógramsins, Breytingar á uppsetningu TORGS kynntar, Fagfélögin hvött til að halda fundi á Suðurlofti Korpúlfsstaða, lagt til að leiga í sýningarsal Korpúlfsstaða verði 3 vikur í stað 4 til að fjölga afnotarmöguleika salarinn

18. Nóvember Félagsfundur ákveðin fyrsta desember fá fund um Höfundarréttarmál, Kynning á boði um gestavinnustofuskipti við Bútapest, rætt um næsta WAD, ákvörðum tekin um að sleppa jólaboði starfsfólks Hildur Oddsdóttir oddviti Sjálfstæðisflokks kemur í heimsókn og starfssemi SIM kynnt, myndlistaruppboðið rætt.

21. Nóvember auka fundur. Skiptisamningur við Bútapest rætt nánar, Tillaga um að hafa Myrkarherbergi til afnota fyrir listamenn, Fjallað um styrk úr Wilhelms Beckmann, ákveðið að auglýsa eftir gerð jólakorts SÍM og borga 30 þúsun fyrir valda tillögu, Ýmis málefni SIM til umræðu.

22. Desember, Ýmis málefni varðandi skrifstofu SÍM og hugmyndir um minnkun starfshlutfalls starfsmanns og breyta starfshlutfalli I og tiltli úr framkvæmdarstjóra í skrifstofustarf

9. Janúar 2023, Samþ. Að auglýsa eftir starfsmanni á skrifstofu, Hlynur tekur að sér tíma bundið starf á skrifstofu, Ákveðið að sækja um í Barnamenningarsjóð, Auglýst eftir aðila til að halda utanum viðburði á Korpúlfsstöðum t.d. WAD, Ákveðið að fréttablað SIM komi alltaf út á fimmtudögum. ákveðið að fundagerðir færu inná innríf heimasíðunar, Rafræn félagsskýrteini gefin út, stjórnarfundir ákveðnar fyrsta mánudag í mánuði

6. Febrúar, Ákveðið hverja verða fulltrúar SÍM á aðalfundi BÍL,

6. Mars

17. Apríl Tillaga að lagabreytingum samþ. Starfsmaður á skrifstofu ráðin, Arkiv rætt og ákveðið að taka það alfarið yfir til SIM og breyta heiti þess í t.d. Listamannatal.is

Harpa Þórsdóttir beðin um að veita fríjan aðgang að þjóðminjasafninu, mmál í athugun, Samvinnuverkefni við Bútapest ákveðið, Finnish Culptural Foundadition vill hefja samstarf við SÍM, Samkeppni um listaverk við nýja Landspítalann

2.Maí, Málefni Aðalfundar SÍM rædd, engin framboð bárust utan eitt í varamann, Lagabreytingar.

Fundarefni stjórnar SÍM verður á heimasíðunni frá og með næsta tímabili.

FRAMTÍÐSÝN 2023-2024

Málfundir verði haldnir á Korpúlfsstöðum um starfsumhverfi myndlistarmanna.

Viðburðarverkefni á vegum SÍM heiti á sjóði.

WORLD ART DAY / Mánuður myndlistar

Sérhstök áhersla verður lögð á að halda World Art Day hátíðlegan í apríl 2024 og verður sótt um sérstaka styrki til verkefnisins. Kynningar í skólum verða samatímis og hluti verkefnisins. Ráðin verður verkefnastjóri til að annast verkefnið.

TORG Listamessa 2023 í Reykjavík

Messan verður haldin í fimmta sinn á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum í haust og verður opnunin föstudaginn 13. október. Tvær sýningarhelgar verða, helgina 15-16. október og aftur helgina 22-23. Október. Sýningarstjóri verður til aðstoðar fyrir þátttakendur með val á verkum og upphengi þeirra.

Korpúlfsstaðir menningarmiðstöð SÍM í Grafarvogi

Mikilvægt er auka fjölbreytni viðburða á Korpúlfsstöðum. Ráða rekstraraðila til þess að hefja rekstur á kaffistofu.

Alþjóðlegt samstarf

Áframhaldandi samstarf við IAA/AIAP, SUVA í Bratislava, verkefnið Young Painter Prize frá Litháen, vinnustofuskipti voru við Vantaa Gjutars Residency og vinnustofuskipti í samvinnu við franska sendiráðið í Reykjavík, French Alliance á Íslandi og Nýló, Budapest vinnustofuskipti, og Finnish Cultural Foundation sem senda listamenn hingað í residensíu.

Stjórn SÍM á í samstarfi við stjórnir Myndlistarmiðstöð, BÍL, Myndstefs, Listaháskólans, Fræðagars og BHM

Stjórnirnar hafa sameinast um ýmis áhersluatriði í baráttunni fyrir bættum kjörum listamanna, og fyrir bættu faglegu umhverfi lista og menningar í íslensku samfélagi. Samstarfið hefur þegar skilað góðum árangri. Enn er langt í land, og munum við halda áfram samstarfi um þau langtíma verkefni á þessu sviði sem liggja fyrir.

Brýnt er að stjórn SÍM haldi áfram með eftirfarandi verkefni:

Vinna í samstarfi við Myndlistarmiðstöð um þjónustu við myndlistarmenn.

Vinna í öflugu samstarfi við Myndstef um réttindamál listamanna og auknar tekjur vegna höfundar greiðslna og fylgiráttar.

Starfa með öðrum listgreinafélögum í Baklandi Listaháskólans við að efla skólann í nýju húsnæði og koma honum nær því markmiði að bera svipuð gjöld og aðrir háskólar í landinu.

Vinna að og vera í samvinnu við Fræðagarð til að tryggja réttindi myndlistarmanna.

Halda áfram virku samtali SÍM um markvissa stefnumótun listasafna í landinu sem snýr að þóknun fyrir verk á sýningum og að efla möguleika þeirra til listaverkakaupa og framleiðslu.

Vinna áfram að því að hækka starfslaun og fjölga þeim.

Vinna að því að koma á kerfi sem styrkir vinnuástöðu listamanna í formi húsaleigustyrks og lækkunar á fasteignagjöldum á iðnaðarhúsnæði sem listamenn nýta sér, leigja eða eiga.

Efla almenna þekkingu á störfum myndlistarmanna í skólum landsins.

Auka samvinnu og samskipti við erlend listafélög og stofnanir. Halda áfram að bjóða upp á vinnustofuskipti fyrir listamenn.

Formgera og endurskipuleggja fyrirkomulag einstaklingsaðildar að SÍM

Halda áfram að virkja verkefnið *Borgum listamönnum*

Efla Korpúlfsstaði sem öfluga miðju myndlistar auk þess að eiga í frekara samstarfi við önnur félög listamanna í að koma á aukinni viðburðardagskrá.

Þýða alla þætti vefsíðu SÍM yfir á ensku og virkja tengingu við þýðingarforrit þannig að hún sé aðgengileg fólki sem nýtir sér önnur tungumál.

Unnið að því að endurvekja Listskreytingasjóð Reykjavíkur sem samþykktur var í borgarráði árið 2001.

Starfsárin 2020-2022 voru erfið vegna Covid19. Nú það sem er af 2023 horfum við til framtíðar með bjartari augum. Stjórn SÍM þakkar öllum nefndarmönnum sem hafa unnið gott starf fyrir SÍM á árinu og öllum þeim sem hafa komið að þeim mikilvægu verkefnum sem SÍM hefur unnið að.

Fyrirhugað er að félagsfundur verði haldinn í október 2023 um breytingar á inntökureglum sérsaklega fyrir þá sem starfa við og í myndlistargeiranum (e. art professionals) t.d. sýningarstjóra og listfræðinga.

Hugsanlegar Ályktanir aðalfundar SÍM 27. maí 2023

Fundurinn skorar á Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Menningarmálanefnd Hafnarborgar Hafnarfirði að vinna að móta og framfylgja Mennta og Mennigarstefnu Hafnarfjarðar. SÍM lýsir sig reiðubúin að koma að þeirri vinnu með einhverjum einum eða örðum hætti

Fundurinn skorar á Borgarstjórn Reykjavíkur að endurvekja Listskreytingarsjóð Reykjavíkur sem samþykki lá fyrir árið 2001. Sjóður sem þessi skiptir máli sem atvinnutækifæri fyrir myndlistarmenn.

Formaður lagði fram til afgreiðslu tillögu til borgarráðs um að stofnaður verði Listskreytingarsjóður Reykjavíkurborgar. Tillagan var svohljóðandi: „Menningarmálanefnd leggur til við borgarráð að settur verður á fót Listskreytingarsjóður Reykjavíkurborgar. Hlutverk sjóðsins verði að annast fjármögnun listskreytinga í tengslum við hönnun nýbygginga (viðbygginga, endurbygginga) sem Reykjavíkurborg stendur að. Fjármagn til sjóðsins fengist með því að 1% þess fjár sem varið er til nýbygginga (viðbygginga, endurbygginga) á vegum Reykjavíkurborgar renni til sjóðsins. Sjóðurinn verði bundinn liður í rekstrarramma menningarmála. Hljóti tillagan hljómgrunn borgarráðs er lagt til að skipaður verði starfshópur til að útfæra hana nánar. Greinargerð fylgdi tillögunni. Tillagan var samþykkt.

Fundurinn óskar nýjum forstöðumanni Listasafns Íslands Ingibjörgu Jóhannsdóttur til hamingju með starfið og treystum við á að henni farnist vel. Heitasta ósk okkar hjá SÍM er sú að í hennar tíð sjáum við nýja byggingu undir Höfuðsafn Íslenskrar myndlistar rísa af grunni.